

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Sjötti fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 9.febrúar 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarisdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Þuríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Forföll boðaði Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis.

Þetta gerðist:

1. Yfirferð friðlýsingarskilmála

Framhald vinnu síðasta fundar. Áfram var farið yfir skilmála fyrir svæðið. Aðallega var rætt um mikilvægi þess að skrifa í skilmála texta um vegaframkvæmdir sem fyrir liggur að ráðast skuli í innan þess svæðis sem yrði þjóðgarður.

2. Aflagður vegur á svæðinu

Farið var yfir samtal Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar vegna vegar sem til stendur að taka úr notkun þegar ný veglína verður lögð. Ræddar hafa verið hugmyndir um að nýta veginn áfram til útivistar (sem gönguleið) en ekki liggur fyrir hvort það sé hægt. Áframhaldandi samtal mun eiga sér stað við Vegagerðina.

3. Gáttir/hlið í þjóðgarðinn

Fulltrúi Ísafjarðarbæjar fór stuttlega yfir tillögu um að tengja Sólsetrið, byggingu sem til stendur að reisa á Þingeyri, við þjóðgarðinn, þ.e. að byggingin gæti nýst sem gátt í þjóðgarðinn. Rætt var um að starfshópurinn myndi leggja fram tillögur sínar um mögulegar gáttir í skýrslu sem skilað verður til ráðherra í vor.

4. Kynning á vinnu starfshóps

Rætt var um hvernig hægt væri að kynna vinnuna frekar. Fram til þessa hefur verið stofnuð vefsíða hjá Umhverfisstofnun með upplýsingum um verkefnið sem kynnt hefur verið í dagblöðum og á heimasíðum Umhverfisstofnunar, Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar. Einnig hafa áform verið kynnt formlega í átta vikur þar sem öllum gafst kostur á að koma athugasemdum sínum að. Að auki hefur verið haldinn kynningarfundur um verkefnið, sem fór fram í gegnum netið í ljósi sóttvarnaraðgerða. Starfshópurinn var sammála um að halda annan kynningarfund um verkefnið og að stefnt skildi að því að halda hann fljótlega eftir að auglýsing um friðlýsingu verður kynnt.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 15:10.